

S
B.t. B
C
D

Reykjavík, 16. nóvember 2021

Tilvísun: OS2021010063/10.4

Verknúmer: 434 3420

Efni: Kvörtun vegna tjóns á varmadælu**Málsatvik**

Orkustofnun barst kvörtun dags. 13. janúar 2021 með tölvupósti frá S vegna tjóns á varmadælu 10. desember 2019.

Samkvæmt kvörtuninni varð tjón á varmadælu sem er metið upp á 200.000 kr., ásamt kostnaði vegna aukinnar rafmagnsnotkunar. Kvartandi tilkynnir tjónið 13. desember 2019, á þar til gerðu formi á heimasíðu RARIK. Í svari RARIK, við innsendri kvörtun með tölvupósti, til kvartanda, dags. 24. febrúar 2020 telur fyrirtækið að rekja megi tjónið til spennusveiflna í flutningskerfi Landsnets þann 10. desember 2019. Ennfremur kemur fram í svari RARIK að kvörtuninni hafi verið vísað til Landsnets.

Kvartandi varð var við truflun á spennugæðum við að ljós blikkuðu í fjárhúsi og einnig sló út rafmagn að hluta til í íbúðarhúsi. Kvartandi telur að þessar truflanir hafi valdið bilun á varmadælu.

Í bréfi frá Landsneti til kvartanda dags. 12. maí 2020 kemur fram að fyrirtækið telji sig ekki bera ábyrgð á viðkomandi tjóni en vísaði erindinu til tryggingarfélags fyrirtækisins sem hafnaði bótaskyldu og tilgreindi Landsnet að sú ákvörðun hefði verið kærð til úrskurðarnefndar váttryggingarmála.

Með kvörtun fylgdi bréf frá Landsneti dags. 12. janúar 2021 þar sem tilkynnt var um að úrskurðarnefnd váttryggingamála hefði birt úrskurð sinn þann 3. nóvember 2020. Niðurstaða nefndarinnar var sú að bótaskyldu, úr ábyrgðartryggingu váttryggingafélags Landsnets, var hafnað þar sem ekki var talið nægjanlega sannað að skilyrði skaðabótaréttar væru uppfyllt um skaðabótaábyrgð Landsnets á umræddu tjóni í kjölfar spennutruflana í desember 2019. Þannig hefði ekki stofnast bótaskylda úr ábyrgðartryggingu Landsnets.

Málsástæður og sjónarmið aðilaSjónarmið RARIK

Orkustofnun bauð RARIK að tjá sig um kvörtunina ásamt því að stofnunin óskaði eftir sérstaklega eftir skýringum um einstök atriði með bréfi dags. 8. mars 2021. RARIK veitti svör og umsögn um kvörtun með bréfi 30. mars 2021.


Í umsögninni kemur fram að tjónþoli tengist dreifikerfi RARIK frá afhendingarstað Landsnets í G en á umræddum tíma, frá kl. 17:20 – 18:10 þann 10. desember 2019, hafi engar truflanir verið í dreifikerfi RARIK frá G og því hafi sé ekki um rafmagnsleysi að ræða. Í umsögninni segir einnig að:



Síðar þennan dag urðu útleysingar á flutningskerfi Landsnets í G, fyrst í stuttan tíma kl. 20:08. Varð m.a. rafmagnlaust á notkunarstað tjónþola af þeim sökum. Frá kl. 23:05 kvöldið 10. desember var rafmagnslaust hjá notendum tengdum R svokallaða í norður frá G til kl. 18:33 daginn eftir. Notkunarstaður tjónþola er tengdur þessari línu. Var línan rafmagnslaus samfelld frá kl. 23:05 þann 10. desember 2019 til kl. 18:33 daginn eftir.

Ástæða þess voru truflanir í flutningskerfi Landsnets í G, en notendur tengdir kerfinu frá G voru fluttir yfir á tryggari afhendingu frá aðveitustöðunni V. Var það gert með með flutningi um dreifilínu RARIK á milli þessara tveggja aðveitustöðva ásamt því að styðja við spennu í C með díselvél og skammta rafmagn þar. Þessar aðgerðir dugðu ekki til að unnt væri að halda rafmagn á R, þ.m.t. notkunarstað tjónþola.

Þessar framangreindu truflanir höfðu þó að sjálfsögðu ekki nein áhrif á tilgreint tjón, þar sem það var þá þegar orðið þegar þær hófust.

Sjá einnig myndir sem sýna mælingar spennu og afflæðis inn á 19 kV tein í G í fjargæslukerfi RARIK Sýna þær mæld gildi hæstu og lægstu spennu á hverri klst. Rétt er að taka frá að tímaupplausn þessara mælinga er takmörkuð þannig að mjög skammvinnar spennusveiflur koma ekki endilega fram að fullu. Mæligildin gefa þó ágæta mynd af því hvort um truflun var að ræða eða ekki. Lóðréttan línun á myndunum markar tilgreindan tjónstíma.





Staðfesta ofangreindar myndir að ekki varð nein truflun í kerfi RARIK á tjónstíma. Hins vegar sýna þær einnig að spennusveifla varð á kerfinu á tjónstíma sem kemur heim og saman við lýsingu tjónþola. Sú spennusveifla berst inn á dreifikerfi RARIK frá 132 kV flutningskerfi Landsnets, en um þetta leyti leysti D út og kom síðan inn stuttu síðar.

Vegna ofangreindra atriða vísaði RARIK málinu til Landsnets til skoðunar og vísuðu til þess að ef um bótaábyrgð væri að ræða lægi hún hjá Landsneti. Jafnframt býr Landsnet yfir nákvæmari gögnum um spennugildi og hafa því nákvæmari upplýsingar um hversu mikið spennufrávik varð á tjónstíma. Einnig vildi RARIK benda á að fádæma óveður var orsök truflananna í raforkukerfinu sem RARIK telur sig ekki bera ábyrgð á.

Sjónarmið Landsnets

Orkustofnun bauð Landsnet að tjá sig um kvörtunina ásamt því að stofnunin óskaði sérstaklega eftir skýringum um einstök atriði með bréfi dags. 21. apríl. Landsnet veitti svör og umsögn um kvörtun með bréfi 5. maí 2021.

Í svari Landsnets kemur fram að í óveðri 10. desember 2019 hafi gengið aftakaveður yfir landið og olli það víðtæku rafmagnsleysi. Mikið tjón varð á flutningskerfi Landsnets vegna veðursins og langvarandi rafmagnsleysi fylgdi. Landsnet telur að viðbúnaður og viðbragð hafi verið í samræmi við viðbragðsáætlanir og ferla að undirbúningi undir óveður. Veðrið hafi verið bæði óvenjulegt og fordæmalaust sbr. truflanaskýrslu sem fylgdi með svari landsnets í fylgiskjali 1.

Í svari Landsnets kemur fram að tengivirkið í H hafi verið útsett fyrir mikilli seltu og ísingu á þessu tímabili sem olli miklum truflunum á rekstri þess í umræddu óveðri. Þessi seltu- og ísáraun hafi orðið til þess að flutningur og afhending um tengivirkið hafi raskast mikið með tilheyrandi spennusveiflum og straumleysi.

Tengivirkið hafi verið a.m.k. í tvígang tekið úr rekstri vegna seltuskolunar og íshreinsunar. Fyrri skolonin var framkvæmd að morgni 11. desember 2019 og seinni aðfaranótt 16. desember 2019.

Í aðdraganda fyrri seltu- og íshreinsunarinnar var bæði mikið flókt á spennu sem náði í a.m.k. eitt skipti út fyrir +/- 10% viðmiðunarmörk og a.m.k. þrjár útleysingar á I sem notuð var til greiningar þar sem teinaspennumæling á þessum tíma var óvirk. Það sama gildir fyrir tímabilið milli og eftir seltu- og íshreinsanir var mikið flókt á spennu og fór spennan ítrekað út fyrir -10% viðmiðið, þá sérstaklega 17. desember 2019 en einnig a.m.k. eitt skipti 10. desember 2019. Þann 14. desember 2019 fer afhendingarspenna á 132 kV teini aldrei út fyrir +/- 10% viðmiðunarmörk en þrátt fyrir það er töluverður órói á spennunni sem orsakaði væntanlega af ástandinu í flutningskerfinu.

Leiða má líkur að því að áhrif þessa mikla spennuflókt og ítrekaðar útleysinga hafi valdið skaða á búnaði hjá notendum tengdum tengivirkinu í H á þeim dagsetningum sem tjónsatvik eru skráð.

Svar Landsnets við fyrirspurn Orkustofnunar um á hvaða forsendum fyrirtækið telji það verklag sem RARIK lýsi í erindi sínu og lítur að málsmeðferð kvartana samræmist raforkulögum nr. 65/2003 og reglugerðum tengdum þeim, segir Landsnet að raforkulög hafi ekki að geyma ákvæði um málsmeðferð vegna tilkynninga út af tjónum tengdum bilunum í flutningskerfinu.

Í svari Landsnets kemur fram að í kjölfar þess óveðurs sem gekk á á þessum tíma hafi borist töluvert af kvörtunum vegna tjóns frá almenningi og lögaðilum. Hjá almenningi er oftast um að ræða tjón á heimilistækjum og því um óverulegar fjárhæðir að ræða. Í tilfellum lögaðila getur aftur á móti verið um verulegar fjárhæðir að ræða.

Varðandi tryggingarmál Landsnets kemur fram að fyrirtækið sé tryggt hjá Sjóvá og í apríl 2020 lá álit þeirra fyrir um að umrætt tjón sé ekki bótaskyldt. Landsnet kærði þá ákvörðun til úrskurðarnefndar váttryggingarmála. Niðurstaða úrskurðarnefndar er dagsettur 3. nóvember 2020. Niðurstaðan er að „*Ekki er fyrir hendi bótaskylda úr ábyrgðarsjóði M, Landsnets hf., hjá Sjóvá-Almennum tryggingum vegna tjóns á raftækjum*“

Landsnet telur sig hafa unnið þetta mál með hagsmuni tjónþola en telur sig ekki getað sett það fordæmi að greiða lögaðilum þeirra tjón án þess að tjónið sé bætt af tryggingarfélaginu þar sem um verulegar fjárhæðir sé að ræða í sumum tilfellum.

Athugasemdir kvartanda við sjónarmið RARIK og Landsnets

Orkustofnun bauð kvartanda að koma á framfæri athugasemdum við afstöðu RARIK og Landsnets vegna þessarar kvörtunar með bréfi dags. 11 maí 2021. Athugasemdir bárust með tölvupósti þann 16. júní 2021 frá S. Í erindi sínu bendir kvartandi á að af svörum RARIK og Landsnets að dæma virðist sem truflun á rafmagnsgæðum umræddan dag sé æðri máttarvöldum að kenna og að enginn beri ábyrgð á umræddu tjóni. Það er staðreynd að slæmt veður var á umræddum tíma. Ennfremur bendir kvartandi á í erindi sínu að sk. gögnum í bréfi RARIK 30. mars sl. sbr. meðfylgjandi mynd úr bréfi RARIK [G – Innkomandi 19 kV – Raunorka inn – 1025,994 kWh] má sjá að truflunin hófst og stóð yfir á umræddum bilunartíma varmadællunnar milli kl. 17 og 18. Kvartandi gefur ekki mikið fyrir skýringar RARIK og bendir á að S eigi í viðskiptum við RARIK en ekki Landsnet með afhendingu rafmagns. Það stoði því ekki fyrir RARIK að benda á Landsnet sem bótaaðila. Rafmagn hefur oft slegið út í C án þess að hafa nokkur áhrif á raftæki og því sé það á ábyrgð RARIK að slái út í stað þess að hleypa spennutruflunum inn á kerfið ef truflun verður á kerfi Landsnets. Ennfremur segir í erindi kvartanda:

Í svari Landsnets þann 5. maí sl. er um vandaðri málsmeðferð að ræða þar sem farið er yfir ýmsar staðreyndir varðandi tengivirkið í H eftir að bilunin hjá S. á sér stað þann 10. desember 2019. Niðurstaða tryggingarfélags Landsnets er einnig skiljanleg í ljósi þeirra raka. Eftir sem áður er þeirri spurningu ekki svarað hver er lagaleg staða RARIK gagnvart viðskiptavinum sínum og hvort mistökin liggi í uppsetningu tækjabúnaðar þeirra megin ef truflanir verða á kerfinu hjá Landsneti.

Í 4. mgr. 9. gr. raforkulaga segir: „Flutningsfyrirtækið bera ábyrgð á öruggri stýringu raforkukerfisins og skal tryggja öryggi og gæði við raforkuafhendingu.“ RARIK virðist gleyma þessu lagaákvæði þegar þeir vísa málinu á Landsnet því eins og áður segir á Skugga-Sveinn í viðskiptasambandi við RARIK en ekki Landsnet.

S. er með mjög viðtæka tryggingu hjá sínu tryggingarfélagi Z en getur samt sem áður ekki tryggt sig fyrir tjóni sem þessu enda ná tryggingar Z ekki yfir slíkt.

Í erindi kvartanda kemur fram það mat hans að öll rök hnígi til að RARIK beri ábyrgð á því að umrætt tjón varð þann 10. desember 2019 þó ytri aðstæður (óveður) eigi þar stærstan hlut að máli. Fyrirtækið ætti því að sjá sóma sinn í því að bæta þetta tjón. Að lokum kemur fram í erindinu sú afstaða kvartanda að ef niðurstaða málsins verði sú að enginn beri ábyrgð á þessu tjóni og S situr uppi með tjónið er það mat kvartanda að Orkustofnun beri skylda að gera tillögu að bættri löggjöf raforkumála á þann veg að skýrt sé hver beri ábyrgð í þessu máli. Að mati kvartanda sé ótækt að truflanir í raforkukerfinu vegna óhagstæðra veðurskilyrða geti orðið þess valdandi að það verði til tjón sem enginn ber ábyrgð á. Á Íslandi verða válynd veður reglulega og veður líkt og það sem gerði í desember 2019 mun verða aftur á Íslandi.

Forsendur og niðurstaða

Samkvæmt lýsingu kvartanda varð tjón á varmadælu vegna rafmagnstruflana og of hárrar spennu 10. desember 2019. Samkvæmt svarbréfi Landsnets dags 5. maí 2021 kemur fram að rafmagnstruflanir og rafmagnsleysi hafi orðið vegna selturáraunar í tengivirkinu á H. Í svari Landsnets kemur fram að

spennan hafi farið ítrekað undir -10% vikmörk og a.m.k. eitt skipti út fyrir +/- 10% vikmörk í aðdraganda seltu og íshreinsunar sem var framkvæmd að morgni 11. desember 2019.

Einnig kemur fram í svari Landsnets að mikið spennuflökt og ítrekaðar útleysingar hafi valdið skemmtum á búnaði hjá notendum tengdu tengivirkinu í H á þeim dagsetningum sem tjónatvik eru skráð.

Í kvörtun fylgja með lýsingar á fasaflökki og rafmagnsleysi og einnig upplýsingar um að það hafi verið villuboð á varmadælu um fasaflökt og að árríðill/inverter næði ekki sambandi. Skv. sjálfvirkri veðurathuganastöð var skráð rafmagnsleysi í henni frá 17:20 til 18:10 10. desember 2019.

Fyrir liggur niðurstaða Úrskurðarnefndar váttryggingarmála sem kom að þeirri niðurstöðu að tjón á tækjum sem varð í kjölfar spennutruflana í desember 2019 sé ekki bótaskyld. Í úrskurðinum kemur einnig fram að Landsnet hafi greitt bætur vegna tjóna á raftækjum til einstaklinga en ekki lögaðila.

Samkvæmt skilgreiningu 5. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er flutningsfyrirtæki fyrirtæki sem stýrir rekstri flutningskerfisins og annast kerfisstjórnun. Í 6. tl. er flutningskerfi skilgreint sem raflínur og mannvirki þeim tengd sem eru nauðsynleg til að flytja raforku frá virkjunum til stórnotenda og til dreifiveitna.

Um skyldur flutningsfyrirtækisins er fjallað um í 9. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Flutningsfyrirtækið skal byggja flutningskerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar, [gæða raforku og stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku]. Samkvæmt 6. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga er gert ráð fyrir því að flutningsfyrirtækið greiði þeim dreifiveitum bætur sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Þannig getur dreifiveita sótt til Landsnets bætur vegna langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu.

Í 2. mgr. 8. gr. raforkulaga segir að viðskiptavinir flutningsfyrirtækisins séu dreifiveitur, stórnotendur, virkjanir og þeir aðilar sem hafa leyfi samkvæmt raforkulögum til að stunda viðskipti með raforku. Af ákvæðinu er ljóst að almennir notendur eru ekki í viðskiptasambandi við flutningsfyrirtækið né teljast þeir til viðskiptavina þess. Af því sögðu getur RARIK ekki vísað tjónstilkynningu viðskiptavina sinna til flutningsfyrirtækisins til afgreiðslu.

Samkvæmt skilgreiningu 2. tl. 3. gr. raforkulaga nr. 65/2003 er dreifiveita fyrirtæki sem hefur leyfi til dreifingar raforku á afmörkuðu svæði. Í 3. tl. er dreifiveitusvæði skilgreint sem landsvæði þar sem dreifiveita hefur einkarétt og skyldu til dreifingar raforku.

Í IV. kafla laganna er kveðið á um dreifingu. Í 13. gr. laganna kemur fram að leyfi Orkustofnunnar þarf til að reisa og reka dreifikerfi á tilteknu dreifiveitusvæði og til að hætta slíkum rekstri. Í leyfinu felst einkaréttur og skylda til dreifingar á viðkomandi svæði.

Um starfsemi og skyldur dreifiveitu er fjallað í 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Dreifiveita annast dreifingu raforku og kerfisstjórnun á dreifiveitusvæði sínu. Hún skal viðhalda, endurbæta og byggja dreifikerfið upp á hagkvæman hátt að teknu tilliti til öryggis, skilvirkni, áreiðanleika afhendingar og gæða raforku, sbr. 1. mgr. 16. gr. laganna. Í reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga er í 23. gr. fjallað um starfsemi og skyldur dreifiveitna. Í 3. tl. 2. mgr. segir að dreifiveitur skuli setja sér reglur til þess að tryggja áreiðanleika í rekstri dreifikerfisins sem skulu a.m.k. kveða á um hönnun kerfisins og uppbyggingu þess, viðhald kerfisins og reglubundið eftirlit með ástandi kerfisins.

Í 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga kemur fram að dreifiveitu sé skylt að greiða þeim notendum sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu bætur. Kveðið skal á um fjárhæð bóta og bótaskyld tilvik í reglugerð sbr. 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Það sama á við um skyldur

flutningsfyrirtækisins enda bættist efnislega samhljóða töluliður við 3. mgr. 9. gr. samhlíða í frumvarp til breytinga á raforkulögum nr. 19/2011. Bæturnar eru annars vegar til dreifiveitna og hins vegar notenda sem verða fyrir langvarandi skerðingu á raforkuafhendingu. Í nefndaráliti við frumvarpið er fjallað um þann tölulið sem bættist við 3. mgr. 9. gr. um flutningsfyrirtækið. Þar kemur fram að skerðing af völdum fávirkis eða náttúruhamfara eru undanskilin og að bæturnar séu hefðbundnar skaðabætur. Með langvarandi skerðingu er átt við skerðingu sem nemur meira en 12 klukkustundir. Ekki er fjallað um töluliðinn sem bættist við 3. mgr. 16. gr. en eins og fram hefur komið eru þeir efnislega samhljóða.

Í 4. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga er kveðið á um að dreifiveitu sé skylt að útvega launafl fyrir kerfið til að nýta flutningsgetu og tryggja spennugæði. Nánar er kveðið á um spennugæði í reglugerð nr. 1048/2004 um gæði raforku og afhendingaröryggi, þar sem segir í 11. gr. reglugerðarinnar að afhendingarspenna skuli vera innan skilgreindra vikmarka og eru vikmörk skilgreind sem +10/-10% af nafnspennu. Þannig hefur spennubreyting áhrif á gæði rafmagns til kvartanda sem kærandi ber ábyrgð á, sbr. 1. mgr. 16. gr. raforkulaga.

Dreifiveitur greiða alla jafnan bætur fyrir tjón sem hljótast af spennubreytingum hjá notendum. Á heimasíðu RARIK sé notendum boðið að fylla út eyðublað ef þeir vilja senda kvörtun til kæranda vegna rafmagnsgæða eða tjóns vegna spennu. Á heimasíðu RARIK er einnig að finna fréttatilkynningar þar sem fjallað sé um bótagreiðslur fyrirtækisins vegna tjóns sem orðið hafa vegna spennubreytinga. Í þessu samhengi bendir Orkustofnun á fréttatilkynningar á heimasíðu RARIK frá 23. desember 2019 þar sem kemur fram að venju samkvæmt bætir RARIK tjón á rafbúnaði viðskiptavina sem verður vegna spennusveiflna í rafmagnstruflunum. Á heimasíðu RARIK sé notendum boðið að fylla út eyðublað ef þeir vilja senda kvörtun til dreifiveitunnar vegna rafmagnsgæða eða tjóns vegna spennu (*Frétt RARIK dags. 23. Desember 2019, bætur vegna tjóns á búnaði og keyrslu varaafls*). Einnig má benda á fyrri fréttatilkynningar fyrirtækisins dags. 16. maí 2014 þar sem tilkynnt er um að tjón, vegna spennu trúflana í flutningskerfi Landsnets sem áhrif hafði á dreifikerfi RARIK, yrði bætt.

Við skoðun á heimasíðu RARIK varðandi tjónatilkynningar kemur fram t.d. vegna tjóns 6.-7. janúar 2011. og vegna tjóns 5, 8. og 9 maí 2014 sem talið er af völdum trúflana í flutningskerfinu kemur þar fram að uppgjör vegna tjóns á tækjum fer í gegnum RARIK. Hins vegar verður breyting á þessu fyrirkomulagi vegna tjón 17. maí 2017 en í þeirri tilkynningu vísar RARIK að leita eigi til Landsnets eða tryggingarfélagss þess sem er Sjóvá.

Samkvæmt 7. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga sé dreifiveitu skylt að gæta jafnræðis við starfrækslu sína. Sömu sjónarmið þurfa að liggja til grundvallar þegar ákvörðun um greiðslu bóta til viðskiptavina er tekin í sambærilegum málum.

Hlutlæg bótaábyrgð stofnast án tillits til þess hvort tjón verði rakið til sakar. Í ljósi þess að kvartandi varð fyrir tjóni vegna spennubreytinga sem dreifiveitur og flutningsfyrirtæki bera ábyrgð á sbr. 1. mgr. 16. gr. raforkulaga, sbr. 9. gr. raforkulaga er það mat Orkustofnunar að jafna megi bótaábyrgðinni við skerðingu á afhendingu rafmagns, sbr. 8. tl. 3. mgr. 16. gr. raforkulaga. Kvartandi er viðskiptavinur RARIK og er dreifiveitan skuldbundin til þess að greiða tjón sem hlýst af spennubreytingum gagnvart notendum sínum, en getur á grundvelli 6. tl. 3. mgr. 9. gr. raforkulaga átt endurkröfurétt á flutningsfyrirtækið.

Í ljósi þessa getur RARIK ekki borið fyrir sig að hann sé undanþeginn greiðslu bóta vegna tjóns sem á orsök sína að rekja til bilunar í flutningskerfi Landsnets.

Því er það mat Orkustofnunar að RARIK beri ábyrgð á því tjóni sem kvartandi varð fyrir vegna spennubreytinga.


Ákvörðunarorð

Í ljósi framangreinds telur Orkustofnun að RARIK beri að bæta tjón á varmadælu sem má rekja til umtalsverðrar rafmagnstruflana þar sem spennan fór út fyrir +/- 10% vikið 10. desember 2019.

Stjórnvaldsákvörðanir sem teknar eru af Orkustofnun á grundvelli raforkulaga og varða gjaldskrá eða starfsemi flutningsfyrirtækisins eða dreifiveitna sæta kærur til úrskurðarnefndar raforkumála sbr. 1. mgr. 30. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Kæra til nefndarinnar skal vera skrifleg og skal hún borin fram innan 30 daga frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun.

Virðingarfyllt,
f.h. orkumálastjóra


Hanna Björg Konráðsdóttir
lögfræðingur


Sigurður H Magnússon
verkefnastjóri

Afrit sent til: RARIK ehf. og Landsnet hf.